

## Fundargerð Heilbrigðisnefndar 7. september 2023

**Til** : Eftirlit <eftirlit@hevf.is>;isafjordur@isafjordur.is <isafjordur@isafjordur.is>;sudavik@sudavik.is <sudavik@sudavik.is>;Jón Páll Hreinsson <jonpall@bolungarvik.is>;Bolungarvik@bolungarvik.is <Bolungarvik@bolungarvik.is>;talknafjordur@talknafjordur.is <talknafjordur@talknafjordur.is>;Reykholar@reykholar.is <Reykholar@reykholar.is>;Kaldrananeshreppur <drangsnes@drangsnes.is>;Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>;Strandabyggd@strandabyggd.is <Strandabyggd@strandabyggd.is>;arneshreppur@arneshreppur.is <arneshreppur@arneshreppur.is>;fv@vestfiridir.is <fv@vestfiridir.is>

**Frá** : Anton Helgason <anton@hevf.is>

**CC** : Einar Valur Kristjánsson <einar@frosti.is>;kviabali <kviabali@drangsnes.is>;Lilja Magnúsdóttir <>;gudbjorgs91 <gudbjorgs91@gmail.com>;Jónas Þ. Birgisson <jonas@lyfja.is>;gudrun <gudrun@sudavik.is>

**Heiti** : Fundargerð Heilbrigðisnefndar 7. september 2023

**Málsnúmer** : 2302031

**Málsaðili** : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

**Skráð dags** : 08.09.2023 12:37:51

**Höfundur** : Anton Helgason <anton@hevf.is>

**Viðhengi** [drög\\_gjaldskra24.pdf](#)[drög\\_gjaldskra24.pdf](#)  
[Fundargerð\\_144\\_fundar\\_7sept\\_2023.pdf](#)[Fundargerð\\_144\\_fundar\\_7sept\\_2023.pdf](#)  
[Fjárhagsáætlun 2024.pdf](#)[Fjárhagsáætlun 2024.pdf](#)

### *Meðfylgjandi er fundargerð 144. Fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis*

Fundur í heilbrigðisnefnd var haldin 7. september 2023 meðfylgjandi er fundargerð fundarinnis, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Í nokkurn tíma hefur verið ljóst að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur ekki náð að sinna öllum þeim verkefnum sem því ber að sinna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er lagt til að starfsmenn eftirlitsins verði 3. Starfsmannaþörf eftirlitsins samkvæmt fyrirtækjaskrá er 1770 einingar með núverandi starfsmannafjölda höfum við til ráðstöfunar 1320 einingar með viðbótarheilbrigðisfulltrúa verða virkar vinnustundir við eftirlit 1782. Einnig er lagt til að breyting verði á innheimtu á þann veg að sveitarfélögin greiði til eftirlitsins sinn hlut en eftirlitsgjöld verða innheimt hjá heilbrigðiseftirlitinu. Það mun einfalda innheimtu, sérstaklega fyrir endurtekið eftirlit og fyrir sýnatökur. Í dag verða sendir út listar fyrir árið 2023 sem sveitarfélögin innheimta fyrir kostnaði við heilbrigðiseftirlit. Fjárhagsáætlun 2023 var gerð með gjaldskrá nr. 699/2021 sem grunn. Mjög líklegt er að samþykkt fjárhagsáætlun fyrir 2023 standist. Beina þarf athugasemdum varðandi eftirlitsgjöld til heilbrigðiseftirlits.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var samþykkt í heilbrigðisnefnd og er hér með send sveitarfélögum til samþykktar. Bent er á að ekki er búið að ganga endanlega frá gjaldskrá fyrir árið 2024, þær breytingar sem fyrirhugaðar eru ætlaðar til að hlutur sveitarfélaga lækki en komi frekar fram í hærri eftirlitsgjöldum.

Nýtt fyrirkomulag kemur þá til framkvæmda um áramót og ný gjaldskrá hefur verið unnin sem kemur út fyrir áramót og verður innheimt samkvæmt henni árið 2024. Í nýrri gjaldskrá er útreiknað tímagjald kr 19.696 en það er reiknað úr frá fyrirmynd af gjaldskrá sem kom upprunalega frá ráðuneytinu og tekur tillit til starfa heilbrigðiseftirlits sem tengjast eftirlit eða ekki. Gjald fyrir sýnatöku verður 41.000. Það sem við höfum til viðmiðunar þar er að sýni rannsakað skv. Neysluvatnsreglugerð kostar 41.700 kr og flutningur og heimkeyrsla á rannsókarstofu 6.756 kr. Drög að gjaldskrá 2024 fylgir með póstinum.

Á fundi með bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og sviðstjóra umhverfissviðs kom fram ósk um að beint framlag sveitarfélaga lækki en komi í staðinn í gegnum eftirlitsgjöld á sveitarfélög- eftir er að útfæra þetta og

verður það gert í samvinnu við öll sveitarfélög á vestfjörðum.

Á fundinum var umræða um umhverfismál, bíla og brotajárn rätt fyrirkomulag og mögulegar úrbætur. Á Fjórðungsþingi þann 6 og 7. október verða málefni heilbrigðiseftirlits rædd sértaklega m.t.t. umhverfiseftirlits og hreinsunar á lóðum og lendum.

Heilbrigðisnefnd ákvað að leggja dagsektir á Kampa ehf vegna losunar á rækjuskel um fráveitulögn og yfirfall. Fyrir ári síðan var fyrirtækinu veitt áminning sem fyrirtækið brást við með lóðarkaupum og áformum um að setja upp fóðurverksmiðju en úrbætur hafa ekki orðið. Til að þrýsta á um úrbætur var ákveðið að leggja á fyrirtækið dagsektir.

Framkvæmdastjóri verður í veikindaleyfi næstu 6 vikur og því frestast næsti fundur þar til hann kemur til baka. Þá ætti að liggja fyrir afgreiðsla sveitarfélaga á fjárhagsáætlun

Meðfylgjandi fundargögn

1. Fundargerð 144 fundar heilbrigðisnefndar
2. Fjárhagsáætlun 2024 til samþykktar
3. Drög að gjaldskrá 2024

Með kveðju

Anton Helgason  
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða  
Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík  
S.4567087 og 8618489